

Viðtakandi:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Sendandi

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Efni

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur nr. 276 sem haldin var þann 28. júní síðastliðin var samþykkt tillaga frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um að tekin verði upp einstefnuakstur í Tjarnar- og Bjarkargötu sunnan Skothúsvegar.


Einstefnuakstur í Tjarnar- og Bjarkargötu

Bjarkar- og Tjarnargata eru þröngar tvístefnugötur milli Skothúsvegar og Hringbrautar. Þar hefur bifreiðum verið lagt við götukanta báðum megin og hafa íbúar lengi óskað eftir því að göturnar verði gerðar að einstefnugötum, enda hefur það reynst ökumönnum erfitt að mætast. Unnið hefur verið að því að koma á gjaldskyldu í götunum í samræmi við samþykkt ráðsins frá því 26. október 2022, m.a. þarf að afmarka bílastæði. Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir því að bílastæði verði áfram með sama hætti og verið hefur, þ.e. að lagt sé báðum megin.

Göturnar eru mikið notaðar af hjólreiðafólki á leið í og úr miðborginni, þá sérstaklega Tjarnargata. Lagt er til að áfram verði heimilt að hjóla í báðar áttir í götunum, líkt og verið hefur. Það er að segja að hjól verði undanþegin einstefnuakstri. Merking um þá undanþágu verði við báða enda götunnar ökumönnum vélknúinna ökutækja og öðrum til upplýsinga. Slíkt fyrirkomulag er nýtt í Reykjavík en þekkt víða erlendis eins og í Danmörku, Noregi, Hollandi, Þýskalandi, Bretlandi og Belgíu. Það þarf ekki að taka fram að fyrirkomulagið greiðir fyrir og bætir aðgengi hjólandi vegfarenda. Þar sem umferð er jafn lítil og í þessum götum og hámarkshraði ekki meiri en 30 km/klst er ekki talin þörf á að afmarka sérstaka hjólarein eða hjólastíg vegna þessa.

Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Að einstefnuakstur verði á Bjarkargötu til suðurs.
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Bjarkargötu.
- Að einstefnuakstur verði Tjarnargötu til suðurs, sunnan Skothúsvegar.
- Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Tjarnargötu, bæði norðan og sunnan Skothúsvegar.
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Bjarkargötu m.v. akstursstefnu
- Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Tjarnargötu sunnan Skothúsvegar m.v. akstursstefnu



Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við gildandi reglugerð 289/1995.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Með kærri kveðju,

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar
Grétar Mar Hreggviðsson
Ráðgjafaverkfræðingur

Hjálagt: Tjarnar- og Bjarkargata með þeim umferðarmerkingum sem settar verða upp.

